

Bandaríkin. Dónaldur trumpar um undirróður, stríð og bólusetningar

Donald Trump er íslenskum veðurguði líkastur. Það er illgerlegt að vita, hvaðan á sig stendur veðrið. Aldrei hefur nokkur Bandaríkjaforseti skipað hirð svo forríka til að berjast fyrir hagsmunum fátæklinga. Þar má finna að minnsta kosti þrettán milljarðamæringa.

Tröllin takast á. Bandaríski blaðamaðurinn, Chris Hedges, segir auðjöfravaldið (oligarchic power) takast á við fyrirtækjavaldið (corporate power).

Tilskipanaflóðið á fyrstu dögum Dónalds í embætti vekja athygli; stundum fögnum, stundum þunglyndi – og öll tilbrigði tilfinninganna þar á milli. Nú bryнna músum frelsarar kvenna og kyns. Karlskömmen hefur skipað svo fyrir, að einungis tvö kyn skuli viðurkennd í Bandaríjunum; karl- og kvenkyn. Þetta er rosaleg afturför í réttindabaráttu kvenna.

Eymdarmenningin (woke culture - vók) hefur fengið verðugan andstæðing. Dónaldur fetar í slóð hins argentínska, Javier Milei, með keðjusögina. Hann sagaði niður kvenfrelsunar- og kynofbeldisráðuneytið, og svei mér þá, hafi hann ekki líka agnúast út í „mee-too“ frelsunina.

„Forseti vor,“ Dónaldur, segir menningarvitunum með skrítnar skammstafanirnar og regnbogafána, stríð á hendur. En úrslit eru fjarri því ráðin.

„Jákvæðri mismunun“ veður einnig kastað fyrir róða. Það hefur vafalítið góð áhrif á efnahag Bandaríkjanna og stjórnsýslu, þegar fólk verður ráðið samkvæmt verð- og hæfileikum, en ekki kyni og/eða hörundsliti. Það mætti valkyrjustjórnin taka til alvarlegrar skoðunar.

Það mætti líta á Dónald sem hinn nýja kvenfrelsara. Hann trumpar: „Veita skal konum vörn gegn öfgakynjahugmyndafræðinni og endurlífga líffræðileg sannindi við stjórnsýslu alríkisstjórnarinnar.“ Það merkir líklega, að andæft verði lagarétti kvenna til geðþóttafóstureyðinga fram að fæðingu barns.

Svo virðist sem Dónaldur ætli líka að knésetja Alheimsauðvaldið í Davos (Alheimsefnahagsráðið) og hjá Sameinuðu þjóðunum. Það er virðingarvert. Það er þó hluti þessa auðvalds, sem „keypti“ hann til valda. Öflugast var tölvutækniauðvaldið með Gyðinginn, Elon Musk, í fararbroddi.

Dónaldur létt skírast til Gyðingdóms, skömmu eftir, að dótturinni var haldið undir skírn. Nær gervöll hirð hans er skipuð gyðinglegum eða kristnum Síonistum, sem

berjast fyrir ragnarökum, svo Frelsarinn megi snúa aftur til syndum spilltrar jarðar. Hirðin hefur nú upphafið skæklatog við ísraelsk stjórnvöld um völd í Vestur-Asíu, Ísrael og Palestínu sérstaklega.

En Síonistinn, Dónaldur, heldur ótrauður áfram á leið til Stór-Ísraels, svo tryggja megi bandarísk yfirráð yfir einni mestu orkunámu veraldar og skapa viðskiptamiðstöð fyrir botni Miðjarðarhafs. Abrahams samningana (Abraham Accord), þ.e. endanlegar sættir Ísraelsríkis við Sádi-Araba og aðrar Arababjóðir, nýjar flutningsleiðir um Arabíuskagann og jafnvel nýjan skipaskurð.

Því hefur verið nauðsynlegt að ná undir sig Gaza, ásamt gas- og olíulindum þess í hafinu. Það var tilgangurinn með því að sprengja mannvirki þar í tætlur, drepa eða reka á brott Palestínumenn til Jórdan, Egyptalands og víðar.

Nú verða Egyptar og Jórdanir teknir ákveðnara hreðjataki eins og Grænlendingar og Panamabúar – og jafnvel Kanadamenn. Þar er einnig gríðarleg auðævi að finna.

ENN er óvist, hvort Dónaldur lætur til skarar skríða gegn Írónum, sem haldið hafa aftur af sér, síðan Ísraelar gerðu árás á þá 27. október í fyrra. Hirð Dónalds lætur þó ófriðlega.

Það hefur lítið farið fyrir umræðu um tvær merkar tilskipanir frá Dónaldi; annars vegar að stöðva svokallaða aðstoð Bandaríkjanna til annarra ríkja og hins vegar að skoða nánar undirróðursstarfsemi bandarískra ríkisstofnanna og svonefnda „frjálsra félagasamtaka“ (samkvæmt skilningi RÚV – non-governmental organization), sem bandarísk stjórnvöld fjármagna að umtalsverðu leyti með alþjóðlegu auðvaldi. Þar fer Gyðingurinn, George Soros, fremstur í flokki.

Dónaldur lét þessi athyglisverðu orð út úr sér: „Hjálpariðnaður Bandaríkjanna í útlöndum og skrifræðið í sambandi við hann ... þjónar þeim tilgangi að hleypa upp friði í heiminum og boða í öðrum ríkjum hugmyndir, sem eru beinlínis öndverðar friðsamlegum og stöðugum tengslum innan ríkis sem utan.“

Minni afskiptasemi og [minni] áhersla á félags- og menningarlegt ráðabruggr (engineering) – að minnsta kosti næstu þrjá mánuði – mun verða tekið með þakklæti allra þeirra þjóða, sem hafa orðið fyrir barðinu á blendingsstríði (hybrid war) óopinberra félagssamtaka (NGO-driven, þ.e. non-governmental organization).“

Þetta hljómar fagnaðarerindi líkast. Gangi það eftir, þarf hulduher leynibjónustna (þ.e. CIA og ráðuneytanna) Bandaríkjanna að snáfa heim til sín og láta ríki heims –

eins og Georgíu, Venesúela, Slóvakíu, Bangaladesh, Pakistan, Rúmeníu, Úkraínu, Úganda og mörg fleiri – í friði.

En þessi tilskipun stangast hressilega á við trumpin um Mið-Austurlönd, Ísrael og Palestínu – eins og vænta mátti. Dónald fetar ótrauður í fótspor hetju sinnar, William McKinley (1843-1901), sem festi heimsvaldastefnu Bandaríkjanna í sessi. Sá mikli forseti lagði undir Bandaríkin Havæ, Guam, Púertó Ríkó og Filippseyjar. Fjall eitt í Alaska skal endurskírt McKinley-fjall.

„Bandaríkin munu senn verða öflugri og miklu afburðameiri (exceptional) en áður,“ segir Dónaldur. Hér hefur hann vafalítið í huga þá sannfæringu þjóðar sinnar, að fyrir Bandaríkjamönnum liggi að boða rétta lífshætti um víða veröld (manifest destiny). Hún var m.a. réttlæting á útrýmingu Índíánaþjóða Norður-Ameríku.

Trumpin um Rússland og Vonda-Valda eru hér um bil skemmtilega út í hött. Sögu- og staðreyndaþekkingu Dónalds er viðbrugðið. Hann fullyrðir kokhraustur, að Sovétmenn hafi misst 60 milljónir manna í annarri heimstyrjöldinni, eina milljón hermanni í Úkraínustríðinu, að efnahagur Rússa sé í molum og að upplaun sé í landi þeirra. (Ætli hann hafi fengið sér hressilega í nös með Volodymyr Zelensky, átrúnaðargoði íslenskra utanríkisráðherra?)

En eins og allir vita er Dónaldur miskunnsamur. Hann trumpar: “Ég ætla að gera Rússlandi - með bágan efnahag – og Putin forseta, gríðarlegan greiða.” Þá á hann við „deal“ á skjön við allar forsendur Rússa fyrir friði, en ekki vopnahléi. Yfirlætið, kunnáttuleysið og dómgreindarleysið, er beinlínis ógnvænlegt.

En með þetta veganesti að vopni segist hann vilja semja bæði við Rússa og Kínverja um fækkun kjarnorkuvopna. Hann hefur líklega gleymt því, að sjálfur sagði hann upp slíkum samningi við Rússa og sleit viðræðum við Írana.

Mörg okkar hafa beðið spennt eftir frekari umsnúningi Dónalds í heilbrigðismálum – sérstaklega, hvað bólusetningar varðar. Með Robert Kennedy (væntanlega) við stjórnvöl á því málefnasviði kemur óneitanlega á óvart, að forsetinn skuli nú vilja styrkja frekari þróun RNA bólusetninga og halda þannig áfram á braut fyrrverandi forseta. Lyfjaiðnaðurinn virðist hafa kverkatak á forsetanum eins og stuðningsmenn Ísraelsstjórnar.

RNA tæknin er tengd þróun gervigreindar, m.a. í heilbrigðisgeiranum. Þróun hennar er náskyld taugaboðs- og tölvutækni, sem eruær og kýr Elon Musk m.a. Eftirlits-, njósna og hernaðartækni er þessu nátengd.

Elon Musk er innsti koppur í búri Starlink, gervihnattakerfisins, sem m.a. hefur verið beitt í stríðinu í Úkraínu, gervigreindartækni í stríðinu á Gaza. Nýja einkaframtakið heitir Stargate. Það er sem sé á ríkisjötu Bandaríkjanna eins og mörg hinna fyrri, sem nú eru í eigu auðjöfranna, sem keyptu sér „hlutabréf“ í Donald Trump.

Hlutabréfin voru væntanlega greidd í Bandaríkjadöllum, en hins vegar hefur Dónaldur nú gefið út rafmynt (cryptocurrency), \$Trump eða Dalatrump. Þannig auðveldar hann fjárfestingar í forsetaembættinu undir eigin stjórn. Kaupendur þarf ekki að nafngreina.

Skuldafen Bandaríkjamanna virðist Dónaldi ekki sérlega hugleikið, enda þótt Elon Musk eigi að munda sparnaðarhnífinn. Ei heldur hefur hann áhyggjur af hernaðar- og kúgunarmiðum efnahagi Bandaríkjanna. Hann þyrfti að spjalla við gagnfróða hag- og sagnfræðinga. Njáll (Niall) Fergusson segir t.d. á þessa leið:

Sérhvert stórveldi, sem eyðir meira fé í afborganir skulda (vexti af ríkisskuldum) en til varna, mun ekki eiga langt líf fyrir höndum. Það átti við um Habsborgarveldið á Spáni, hina gömlu stjórn í Frakklandi, heimsveldi Ósmana og Bretta. Þetta lögmál verður prófað á Bandaríkjunum frá síðustu áramótum.

<https://gilbertdoctorow.com/2025/01/20/donald-trumps-inaugural-speech-we-will-be-the-envy-of-every-nation-we-will-make-our-country-even-more-exceptional/>

https://chrishedges.substack.com/p/trump-musk-gaza-the-rise-of-totalitarianism?utm_source=post-email-title&publication_id=778851&post_id=155296657&utm_campaign=email-post-title&isFreemail=true&r=ry8jq&triedRedirect=true&utm_medium=email

https://www.igor-chudov.com/p/debate-is-the-new-trump-memecoin?utm_source=post-email-title&publication_id=441185&post_id=155134956&utm_campaign=email-post-title&isFreemail=true&r=ry8jq&triedRedirect=true&utm_medium=email

https://steigan.no/2025/01/var-naermeste-allierte-har-ingen-venner-bare-interesser/?utm_source=substack&utm_medium=email

<https://unlimitedhangout.com/2025/01/investigative-reports/the-cdc-palantir-and-the-ai-healthcare-revolution/>

https://steigan.no/2025/01/monroedoktrinen-versjon-2-0/?utm_source=substack&utm_medium=email

https://corbettreport.substack.com/p/elon-unmusked-roundtable-discussion?utm_source=podcast-email&publication_id=725827&post_id=155077278&utm_campaign=email-play-on-substack&utm_content=watch_now_button&r=ry8jq&triedRedirect=true&utm_medium=email

https://www.youtube.com/watch?v=LV55I545C_g

<https://www.youtube.com/watch?v=H68xPQPz-Oc>

<https://conflictsforum.substack.com/p/is-trump-positioning-for-a-no-deal>

https://steigan.no/2025/01/trump-sier-han-onsker-a-samarbeide-med-kina-og-russland-om-atomnedrustning/?utm_source=substack&utm_medium=email

[https://responsiblestatecraft.org/trump-inauguration-speech-war/?ct=t\(RSS_EMAIL_CAMPAIGN\)&mc_cid=71b0cb3456&mc_eid=ae33554485](https://responsiblestatecraft.org/trump-inauguration-speech-war/?ct=t(RSS_EMAIL_CAMPAIGN)&mc_cid=71b0cb3456&mc_eid=ae33554485)

https://korybko.substack.com/p/the-us-90-day-suspension-of-foreign?utm_source=post-email-title&publication_id=835783&post_id=155675632&utm_campaign=email-post-title&isFreemail=true&r=ry8jq&triedRedirect=true&utm_medium=email

https://sonar21.com/is-trump-positioning-for-a-no-deal-with-russia-or-not/?jetpack_skip_subscription_popup

https://childrenshealthdefense.org/defender/biden-trump-administrations-commit-billions-mrna-vaccine-technologies/?utm_source=luminate&utm_medium=email&utm_campaign=defender&utm_id=20250122

<https://www.forbes.com/sites/saibala/2025/01/22/project-stargate-a-500-billion-ai-venture-between-oracle-open-ai-nvidia--softbank-that-will-revolutionize-healthcare/>

<https://www.globalresearch.ca/trump-production-killer-mrna-vaxxes/5878113>

<https://21stcenturywire.com/2025/01/24/crosstalk-with-peter-lavelle-the-new-age-of-trump-with-patrick-henningsen-and-guests/>

https://www.youtube.com/watch?v=7zbswGcZc_8

https://michaeltsnyder.substack.com/p/we-got-out-of-the-who-just-in-time?utm_source=post-email

[title&publication_id=1520363&post_id=155387403&utm_campaign=email-post-title&isFreemail=true&r=ry8jq&tryRedirect=true&utm_medium=email](https://geopoliticaleconomy.substack.com/p/big-tech-billionaires-trump-inauguration?utm_source=post-email)

[https://geopoliticaleconomy.substack.com/p/big-tech-billionaires-trump-inauguration?utm_source=post-email-](https://geopoliticaleconomy.substack.com/p/big-tech-billionaires-trump-inauguration?utm_source=post-email)

[title&publication_id=457596&post_id=155326911&utm_campaign=email-post-title&isFreemail=true&r=ry8jq&tryRedirect=true&utm_medium=email](https://geopoliticaleconomy.substack.com/p/big-tech-billionaires-trump-inauguration?utm_source=post-email)

<https://sonar21.com/donald-trump-the-good-the-bad-and-the-ugly/>